

Þingeyjarsveit  
b/t Guðjón Vesteinsson  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík, 15. ágúst 2019  
UST201907-201/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 - Hólasandslína 3**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hólasandslínu 3.

Í greinargerð kemur fram að ráðgert er að Hólasandslína 3 verði lögð innan sveitarinnar sem loftlína - að mestu samhliða núverandi Kröflulínu 1 -, sem er í megindráttum í samræmi við gildandi aðalskipulag Þingeyjarsveitar.

Auk þess kemur fram að í aðalvalkosti Landsnets, sem lagður er fram í matsskýrslu vikur lega línunnar frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum, í Bíldsárskarði, Fnjóskadal og Laxárdal. Hefur Landsnet óskað eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar í samræmi við aðalvalkost.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin er matsskyld skv. tl. 3.08. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum hefur Umhverfisstofnun veitt umsögn varðandi frummatsskýrslu með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 27. nóvember 2018 varðandi ofangreinda framkvæmd.

### **Fnjóskadalur**

Samkvæmt tillögunni mun háspennulínan liggja um tvö svæði í Fnjóskadal sem eru á náttúruminjaskrá. Annars vegar svæði nr. 514, Melar við Illugastaði, og hins vegar svæði nr. 515, Bleiksmýrardalur. Verndargildi Mela er talið vera: „*Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.*“ Verndargildi Bleiksmýrardals er talið vera: „*Fjölbreytilegt landslag, berghlaup, jarðhiti er við Reyki og birkiskógur í hlíðum.*“

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif línulagnar í Fnjóskadal munu verða neikvæð áhrif á jarðmyndanir, neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Hólasandslína 3. mun á þessu svæði fylgja að mestu Kröflulínu 1. og unnt verður að nýta núverandi slóðir að hluta og einnig efnistökusvæði sem nýtt hafa verið áður, m.a. af Vegagerðinni. Ekki er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum í Fnjóskadal.

Verndargildi svæða á náttúruminjaskrá í Fnjóskadal eru fyrst og fremst talin felast í jarðmyndunum og landslagi. Hólasandslína 3. mun í sjálfu sér ekki valda raski á jarðmyndunum á svæðinu Melar. Hins vegar mun verða frekara rask vegna efnistöku sem fram mun fara í opnum námum og auka neikvæð áhrif á ásýnd, en draga má nokkuð úr þessum áhrifum með góðum frágangi. Umhverfisstofnun vekur athygli á vefsíðunni [www.namur.is](http://www.namur.is) þar sem finna má leiðbeiningar um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Stofnunin bendir á að á vefsíðunni má einnig finna gagnlegar upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða. Lega Hólasandslínu 3. í Bleiksmýrardal er í jaðri svæðisins, en mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, en verndargildi þess er m.a. talið vera vegna landslags.

Í frummatsskýrslu kemur fram að sameiginleg áhrif Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. munu verða talsvert neikvæð á um 17km löngum kafla í Fnjóskadal.

### **Bárðardalur - Fljótshéiði**

Í Bárðardal eru engin verndarsvæði og liggur Hólasandslína 3 samsíða Kröflulínu 1. og er unnt að nýta að mestu leyti með styrkingum núverandi línuslóðar. Ekki er talið að framkvæmdin í sjálfum dalnum muni hafa neikvæð áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi. Öðru máli gegnir um Fljótshéiði þar sem línan liggur um víðáttumikið votlendi þar sem er að finna mikla útbreiðslu vistgerða með mjög hátt verndargildi og er svæðið í frummatsskýrslu skilgreint sem „*fremur mikilvægt búsvæði plantna*“.

Á svæðinu hefur fundist ein plöntutegund með mjög hátt verndargildi og tvær tegundir með nokkuð hátt verndargildi. Ráðgert er að merkja fundarstaði heiðarstara (*Carex heleonaste*) á Fljótshéiði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi á Fljótshéiði. Í frummatsskýrslu er fjallað um þann möguleika að framkvæmdir á Fljótshéiði fari fram á frosinni jörð og með þeim hætti verði dregið úr þörf fyrir slóðagerð í votlendi. Jafnframt er fjallað um þann möguleika að reisa möstur án aðkomu krana sem myndi draga enn frekar úr þörf fyrir línuveg. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi frekar um þennan möguleika sem og aðrar aðferðir við tilhögun framkvæmdarinnar sem miða að því að draga úr raski á votlendi. Umhverfisstofnun telur að undirbúa þurfi vandlega framkvæmd af þessu tagi. Rannsaka þurfi hvort unnt sé að koma fyrir öllum stagfestum með borun og hvort nauðsynlegt sé að flytja að burðarhæft efni fyrir undirstöður sem gæti kallað á flutning efnis sem erfitt gæti reynst að flytja að vetrarlagi.

Annars fer Hólasandslína 3. um mela, ræktað land og gróið mólendi. Línan þverar Skjálfafljót og Kálfborgará sem eykur áflugshættu og eru álft (*Cygnus cygnus*) og grágæs (*Anser anser*) taldar vera þær tegundir sem eru í mestri hættu.

Í Bárðardal verður ekki raskað jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar utan 0,19ha svæði Bárðardalshrauns sem verður raskað.

Neikvæð áhrif á landslag og ásýnd aukast með tilkomu Hólasandslínu 3. en Umhverfisstofnun telur að gera ætti frekari grein fyrir samlegðaráhrifum línanna í Bárðardal.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar í Bárðardal gætu orðið vegna varanlegs rasks á votlendi á Fljótsheiði. Sjónræn áhrif verða bundin við líftíma mannvirkisins. Áhrif á fugla gætu orðið neikvæð en unnt er talið að draga úr þessum áhrifum ef leiðarar verða merktir.

### **Reykjadalur og Laxárdalur**

Umhverfisstofnun bendir á að í Laxárdal tvö verndarsvæði. Annars vegar svæði nr. 523 á náttúruminjaská, Varastaðaskógur, en verndargildi svæðisins er talið vera: „*Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár*“ og hins vegar verndarsvæði Mývatns og Laxár sem verndað er skv. sérlögum nr. 97/2004. Lögunum er ætlað að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á viðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags.

Á þessu svæði liggur aðalvalkostur Hólasandslínu 3. samsíða Kröflulínu 1. að mastri 36 en þaðan fer Hólasandslína 3. sunnan við Kröflulínu 1. og þverar Laxárdal um 1 km sunnan við staðinn þar sem Kröflulína 1. þverar Laxárdal. Hólasandslína þverar Kröflulínu milli mastra 25 og 26 og fer þaðan norður á Hólasand en Kröflulína liggur í austur að Kröfluvirkjun.

Varastaðaskógur er í hlíðum Laxárdals og er skilgreint verndarsvæði nokkuð stærra en skóglendið sjálft. Fram kemur í frummatsskýrslu að aðalvalkostur liggi á stuttum kafla innan skilgreinds svæðis á náttúruminjaskrá en ofan skóglendisins þannig að rask á sjálfum skóginum verður óverulegt.

Verndarsvæði Mývatns og Laxár verður ekki raskað þar sem Laxárdalur verður þveraður með einu hafi (bil á milli tveggja mastra línu) þannig að áhrifin verða helst á ásýnd, landslag og fuglalíf. Auk þess gæti línan haft neikvæð áhrif á fugla vegna áflugshættu og gætu orðið sammögnunaráhrif með Kröflulínu 1. þar sem línurnar liggja mishátt yfir þveraðan dalinn sem gæti aukið líkur á áflugi. Helst er talið að andfuglar gætu verið í hættu. Ráðgert er að vakta línurnar og ráðast í merkingar á leiðurum ef talin verður þörf á slíkum aðgerðum.

Í Reykjadal og Laxárdal liggur línan um votlendi stærra en 2 ha sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun telur að á þessum stöðum ætti að kanna möguleika á því að vinna fari fram á frosinni jörð til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi og gróðurfar.

Svæðið þar sem línurnar þvera hringveg 1. í Reykjadal er talið með þeim stöðum þar sem sammögnunaráhrif línanna tveggja gætu orðið mikil. Umhverfisstofnun telur að þarna ætti að kanna möguleika á því að leggja Kröflulínu 1. í jörð sem mótvægisáðgerð við lagningu Hólasandslínu 3. í stað þess að bíða þar til líftíma Kröflulínu 1. lýkur.

Umhverfisstofnun telur að aðalvalkostur um þverun Laxárdals þar sem Laxárdalur verður þveraður með einu hafi feli í sér mun minni áhrif en lagning jarðstengja. Línan myndi hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd en líta ber til þess að ráðgert er að þvera Laxárdal í einu hafi hátt yfir dalnum þannig að gera má ráð fyrir að sjónræn áhrif verði mun minni en áhrif Kröflulínu 1. þar sem hún þverar Laxárdal. Áhrifin yrðu tímabundin líftíma línunnar og afturkræf hvað þessa umhverfisþætti varðar. Hólasandslína 3. gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf vegna áflugshættu en línan verður vöktuð og brugðist við ef ástæða þykir til.

Varðandi mótvægisáðgerðir telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort unnt sé að færa Kröflulínu 1. að Hólasandslínu 3. svo hún þveri Laxárdal á sama hátt.

### **Hólasandur**

Engin verndarsvæði eru á línuleiðinni frá Laxárdal að tengivirki á Hólasandi. Svæðið er að mestu gróðurlítið og hefur víða verið sáð lúpínu í mela. Áhrifin á þessu svæði einkorðast að líkindum við neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.

### **Framkvæmdir á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir allar framkvæmdir á friðlýstum svæðum þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn varðandi skipulag – og matslýsingu, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á framkvæmdirnar í skilningi 3. mgr. 17. gr. rg. nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 1.-2. mgr. 17. gr. rg. nr. 665/2012.

### **Vegir í náttúru Íslands**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.


Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnun þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Við gerð skránnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.


Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur